

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. tbl. · 15. árg. · Nóvember 2018

Frá félagi eldri borgara



Starfsemi er á ágætu skriði og nokkrir fastir viðburðir í gangi, meðal annars sundleikfimi á mánudögum og jóga á þriðjudögum. Félagsfundir annan hvern föstudag með ýmsum uppákomum. Á félagsfundi 2. nóvember síðastliðin, hélt Helga í Vorsabæ uppá níutíu ára afmæli sitt með veglegri veislu sem heppnaðist vel. 15.

október síðastliðin átti stjórn félagsins fund með oddvita og sveitarstjóra um málefni og aðstöðu félagsins. Áformað er að hittast aftur 12. nóvember. Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember næstkomandi koma leikskólabörn og kennarar á samverufund í Bókahúsinu og verður lagt saman í dagskrá. 30 nóvember verður félags-

fundur í Árnesi og verður meðal annars fræðsluefni og myndasýningar. 7. desember er áformað að fara á jólatónleika Siggú Beinteins í Hörpunni. Síðasti samverufundur fyrir jól verður svo 14 desember og fáum við þá væntanlega góða gesti í heimsókn. Félagsfundir eru ekki yfir sumartímann en farið var í ferðalag til Vestmannaeyja

12.-13. júlí sl., gíst á góðu hóteli og leiðsögn fengin um eyjarnar við almenna ánægju félagsmanna. Þá var farin haustferð 26. september yfir í Borgarfjörðinn og meðal annars komið að Húsafelli, Deildartungu og Hvanneyri. Sú ferð heppnaðist einnig vel. Félagsmenn nú eru sextíu og vel tekið á móti nýjum félögum.

Með kveðju Bjarni Ófeigur



*Hamborgarhryggur
Sveitaskinka
Sænsk jólastinka
Bayonneskinka
Purusteik*



KORNGRÍÐ
kjötvinnsla í Árnesi
Opnunartími fram að jólum:
Þri-mið. 11-17
Fim-fös 11-16:30
Lau 13:30-16:30
www.korngrið.is

ÁRBORG
www.arnes.is

Sími
486 6006



Opnunartími:
Mánudaga til laugard. 9-19
Sunnudaga 10-19



Við viljum franskar, sósu' og....



Heilsugæslustöðin Laugarási

Sími: 432 2770 Fax: 432 2771

Opið virka daga kl. 8-16
Símatímar lækna kl. 9-9:30 & 13-13:30

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9.
Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi.
Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.
María Kristjánsdóttir forstöðumaður maria@hveragerdi.is
Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180



Í NEYÐARTILVIKUM
HRINGIÐ Í 112



FJARSKIPTAFÉLAG SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS

[ljós@skeidgnup.is](mailto:ljos@skeidgnup.is)
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736

LESTRARFÉLAG SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS

BÓKAHÚSINU BRAUTARHOLTI

OPIÐ
FIMMTUDAGA 20-22

SÍMI: 486-5505

BOKASAFN@SKEIDGNUP.IS



Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður:
Kristófer A. Tómasson
Umsjón og umbrot:
RS-útgefán/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili
og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 350 eintök.

Skilafrestur í næsta blað er
föstudaginn 7. des.

Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is



Á bak við eldavélina

Þar sem nú gengur í hönd dimmasti tími ársins þá á vel við frásögn í Snorra-Eddu af frjósemisguðinum Frey sem hafði göltinn Gullinbursta sér til reiðar, sem einnig var kallaður Slíðrugtanni. Hann gat runnið loft og lög nótt sem dag hraðar en hestur og svo vel lýsti burstin á honum að alltaf var bjart hvar sem hann fór.

Um Frey og Gullinbursta var ort:

*Ríðr á börg til borgar
bøðfróðr sonar Óðins
Freyr folkum stýrir
fyrstr inum gulli byrsta.*

Korngrísnitsel

Þrátt fyrir að undirritaður sé almennt ekki í fremstu röð við eldamennsku þá fylgir hér með uppskrift sem margir gætu nýtt sér:

Áður var algengt að nota kálfakjöt í vínarsnitsel. Nú er yfirleitt notað safaríkt, meyrnt og ljúffengt íslenskt svínakjöt í snitsel og köllum við það sínu rétta nafni – svína – eða grísnitsel. Snitsel af korngrís er yfirleitt til í kjötvinnslunni í Árnesi

og er mjög fljótlegt og auðvelt að elda.

Hjúpað svínasnitsel.

Egg, hveiti, rasp - gjarnan ísl. bygg-rasp, smjör, salt, pipar, sítrónusneiðar.

Veltið sneiðunum fyrst upp úr hveiti blönduðu salti og pipar.

Dýfið sneiðunum í léttþeytt egg og síðan í saltað bygggrasp. Einnig má nota önnur krydd t.d. sítrónupipar. Steikið sneiðarnar í smjörinu við jafnan hita 2-3 mín á hvorri hlið. Sparið ekki smjörið!

Færið sneiðarnar yfir á heitt fat. Yfirleitt höfum við sítrónusneiðar og kartöflur með. Einnig má hafa með rjómasoðna sveppi og að sjálfsgöðu íslenskt grænmeti auk rabbabarasultu.

Ís er góður í eftirrætt.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora á Gunnar Egilsson í Árborg að koma með uppskrift í næsta blað..

Kveðja, Hörður

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12
Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitastjóri: Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir
486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari, vefumsjón & öryggisvörður:
Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús
Ari Einarsson,
893-4426 ari@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt
486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólustjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórarskóli
Sími 486-6000
Skólustjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is





Fréttir frá Þjórsárskóla



Skáld í skólum – Veðilendur ævintýranna. Við fengum til okkar í heimsókn barnabókahöfundana Arndísi Þórarinsdóttur og Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur. Þær sögðu okkur m.a. frá uppáhaldsbókunum sínum og því hvernig þær veiða hugmyndir fyrir bækurnar sínar og hvernig hugmyndirnar verða síðan að sögum. Þá lásu þær fyrir okkur brot úr nýjustu bókunum sínum: Nærbuxnaverkefni eftir Arndísi og Langelstur í leynifélaginu eftir Bergrúnu. Lifandi og skemmtileg kynning hjá þeim stólum sem ýtti frekar undir áhuga nemenda til þess að skrifa sögur.



Náttfata og bangsadagurinn – Við í Þjórsárskóla vorum með náttfata og bangsadagur í tilefni af alþjóða bangsadeginum. Það var notalegt að mæta í náttfötum og hafa bangsa til að knúsa allan daginn.

Bleikur dagur - Föstudaginn 12. október – Markmiðið með deginum var að hvetja landsmenn til að sýna þeim sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendum þeirra stuðning með því að klæðast bleiku og hafa bleikt í

fyrirrími. Við í Þjórsárskóla sýndum samstöðu og tókum þátt í þessum degi.

Jól í skókassa – Á hverju ári taka nemendur og starfsmenn Þjórsárskóla þátt í verkefninu Jól í skókassa. Það er hluti af verkefni okkar um sjálfbærni. Þetta verkefni felst í því að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að færa þeim jólagjafir. Gjafirnar eru settar í skókassa og mælt er til þess að heimili endurnýti fatnað og leikföng sem til eru heima fyrir en kaupir ekki allt nýtt.

Gjafirnar fara til Úkraínu og er dreift á munaðarleysingjahæli, barnspítala og til einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt.

Fótboltaspilið – Nú erum við búin að bæta aðstöðu nemenda á sameiginlegu innisvæði. Gott borðtennisborð er á svæði nemenda, sófi og tímarit til þess að skoða. Nýlega var keypt fótboltaspil þar sem 4 geta spilað í einu og hefur það vakið vikla lukku meðal allra nemenda.



Við segjum STOPP við einelti – Dagur gegn einelti 8. nóvember

Við í Þjórsárskóla sýndum samstöðu í baráttunni gegn einelti með því að mynda vinakeðju og búa til kærleikstákn skólalóðinni. Við byrjuðum daginn á samverustund, allir fengu græn fyrirliðabönd á handlegg sinn sem á stóð vinur. Við ætlum að taka höndum saman og vera fyrirliðar í vináttu alla daga. Vikuna áður hafði starfsfólk og nemendur fengið upprifjun á Olweus og unnin voru mörg verkefni sem prýða nú skólann.



Leikskólinn Leikholt



Í Leikholti er alltaf fjör og mikið að gera. Börnin stækka og þroskast og eru alltaf að læra eitthvað nýtt.

Skólaheimsóknir byrjuðu 4. október og eru elstu börnin mjög spennt fyrir því. Þau leggja af stað kl. 8:30 með leikskólakennara sínum Hauki Vatnari í skólabilnum frá Leikholti og í Þjórsárskóla þar sem þau hitta 1. og 2. bekk, Kristínu kennara og fleiri. Þau fara í alls konar verkefni og eru með hafið sem þema fyrir jól. Þau fara svo til baka með skólabil í Leikholti í hádeginu. Börnin ná að fara í 8 heimsóknir í Þjórsárskóla fyrir jól og 1. bekkur kemur einu sinni í heimsókn í Leikholt.

12. október var Bleikur dagur til einkaður baráttunni við brjóstakrabbamein. Þann dag mættu allir í einhverju bleiku.

16. október komu tveir félagar frá Brunavörnum Árnessýslu og fræddu elstu tvo árgangana um brunavarnir og starfsemi slökkviliðsins. Þeir töluðu um mikilvægi reykskynjara og slökkvitækja og sýndu okkur búningana sína og fleiri tæki sem þeir nota ef þeir þurfa að bjarga einhverjum. Að

lokum fengu börnin að skoða slökkviliðsbílinn. Börnin voru hæstánægð með heimsóknina og þökkum við kærlega fyrir.

26. október var haldið upp á alþjóðlega bangsadaginn, allir komu í náttfötum með bangsa með sér í leikskólann eins og sjá má á myndunum. Allir voru ánægðir að koma með bangsana sína og fá að leika við alla hina bangsana.

Snjórinn kom í nokkra daga í lok október og nýttu börnin sér það og bjuggu til snjókarla og renndu sér í brekkunum. Snjórinn er alltaf tilhlökkunarefni fyrir börnin.

Í október voru markmið Leikhólts fyrir Grænfánaverkefnið uppfærð. Nú í ár er þemað „Lýðheilsa“ en eins og undanfarin ár munum við líka vinna að árlegum markmiðum sem falla undir þemun „Átthagi“ og „Lífbreytileiki“.

Okkur langar að ljúka þessum fréttabút með því að setja inn texta af lagi sem börnin eru að syngja í tónlistarstundum og í tengslum við Vináttuverkefnið Blæ þar sem við fræðumst um vináttuna og hvernig er góður vinur.

Vinur minn

Höfundur lags og texta: Hafdís Huld Þrastardóttir og Alisdair Wright

Það er skemmtilegast að leika sér þegar allir eru með.

Í stórum hóp inn um hlátrasköll geta ævintýrin skeð.

Svo vertu velkominn! Nýi vinur minn.

Það er skemmtilegast að leika sér þegar allir eru með.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros fengið getur breytt.

Getur glatt og huggað jafnvel þá sem við þekkjum ekki neitt.

Svo vertu velkominn! Nýi vinur minn.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros fengið getur breytt

Bestu vinakveðjur frá öllum í Leikholti.

Molar úr fundargerðum 7 (24. október) & 8 (7. nóvember)

7

• Fossá útboð. Sveitarstjóri greindi frá því að samningur um veiðirétt í Fossá auk Rauðár í Þjórsárdal væri útrunninn og því tilefni til að bjóða veiðiréttinn út að nýju. Sveitarstjórn fer með forræði yfir ánum auk Skógræktarinnar og Forsætisráðuneytis. Land ána er að mestu tilheyrandi Þjóðlendu. Samþykkt að bjóða út veiðirétt í ofangreindum ám til árána 2019- 2022 að báðum árum meðtöldum. Útboðsgögn samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að auglýsa og annast úboðið í samráði við Skógræktina og Forsætisráðuneytið.

12. nóv. Útboðsfrestur rennur út og tilboð opnuð kl 16:00

• Erindi frá Önnu Sigríði Valdimarsdóttur. Óskað eftir að heræfing í Þjórsárdal 19 og 20. október sl. verði tekin til umræðu. Auk þess er óskað eftir að útskýrt verði hvernig upplýsingagjöf til sveitarstjórnar sé háttáð. Oddviti vísaði til 10. greinar samþykktar sveitarstjórnar varðandi það hvernig upplýsingagjöf til sveitarstjórnar sé háttáð.

Anna Sigríður lagði fram eftirfarandi greinargerð og bókun.

Um hernaðarbrólt og stjórnsýslu.

Það er margt sem vekur konu til umhugsunar varðandi æfingu hermanna í Þjórsárdal um nýafstaðna helgi; margt í aðdragandanum einnig, um verkferla og stjórnsýslu.

Sveitarstjórn bærustu fregnir af - þá fyrirhuguðum - æfingum fyrst til eyrna utan dagskrár í lok sveitarstjórnarfundar þann 3. október sl. kynntu af oddvita sem hafði verið upplýstur um áformin einhverju áður. Þá var - líkt og síðar í aðdragandanum - gert fremur lítið úr gjörningnum og þótti mér það strax óviðeigandi og ógeðfellt, vegna þess hve tilfinning mín gagnvart herjum og stríði hvers konar er hryllileg. Hernaði og stríðum fylgja hörmungar. Hörmungar í lífi allra sem að þeim koma. Ég fylltist í sannleika sagt óhug við þessi tíðindi. Ekki endilega vegna þess að æfingarnar væru fyrirhugaðar í bakgarði okkar sveitar, einhvers konar gríðastað okkar Skeiða- og Gnúpverja, heldur fyrst og fremst af því ég upplifði að með þessu værum við að veita ein-

hvers konar blessun á að hér gæti fólk æft sig í að drottna og deyða (þó vita-skuld hafi sá liður ekki verið æfður við þetta tiltekna tilefni. Sem betur fer). Án þess að hafa mörg fleiri orð um þetta á þessum vettvangi, þá væri hægt að hafa mun lengra mál um hernað og stríð en afstaða Íslendinga er ekki á eitt í því máli.

Því kemur aftur að þeim vinkli í þessu erindi er snýr að forminu. Að þetta mál sé kynnt sveitarstjórn fyrst með þeim hætti sem áður er getið. Eftir að ég ásamt fleiru fólki spyrst ítrekað fyrir um þetta mál, þá er sveitarstjórn ásamt völdum aðilum boðið til kynningarfundar, tveimur dögum fyrir fyrirhugaðar æfingar. Til að kynna efnið mæta tveir fulltrúar frá sérveit ríkislögreglustjóra, fulltrúi frá lögreglunni á Suðurlandi og fjórði fulltrúinn frá Utanríkisráðuneytinu. Á fundinum er farið nokkuð afgerandi yfir helstu atriði er að fyrirkomulagi þessara æfinga snýr. Aftur á þessum fundi er hins vegar gert lítið úr þessum æfingum og þ.a.l. hverjir æfa og að hvaða tilefni. Fæst fundargestar, þó ekki öll, virðast hafa nokkuð út á þetta að setja en ég næ að lýsa yfir minni skoðun m.a. á aðdragandanum, upplýsingaskorti og léttúð sem sum virðast hafa um jafn alvarlegt mál.

Fara síðan í Þjórsárdal um liðna helgi og mæta hverjum lögreglu- og sérveitarbílnum í hjólfari annars. Koma að hópum hermanna, undantekningarlaust, utan vegar, í tjöldum, hlaupandi um í hópum í afar viðkvæmum uppgræðslum í vikur- og sandorpnu landi. Þvert á það sem hafði verið útlistað á fundinum nokkrum dögum áður. En þetta er ekki mælt í fjölda hektara. Afar viðkvæmur frumframvindu gróður, jarðvegsskán og holdgervingur fáránleikans í hugum sumra, tættar birkiplöntur. Ef til vill, þó ekki nema táknmynd þessara hörmunga og eyðileggingar sem eiga sér stað í stríðum. En fyrir stjórnsýsluna og formið, þá er þetta þó að minnsta kosti forsensdubrestur frá því sem rætt hafi verið.

Bókun: Ég harma að æfingar í þágu hernaðar hafi verið leyfðar í sveitarfélaginu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og myndi kjósa að slíkar æfingar færu ekki fram hér framar. Í mínum huga er hvers kyns stuðningur við hernað, stuðningur við valdbeitingu og ofbeldi.

Ef ekki væri ójöfnuður og misskipting í heiminum, tel ég að ekki væri þörf á hernaði og vil ég því frekar beina kröftum mínum í að stuðla að jöfnuði í samfélögum manna. Að hafa æfingar í tengslum við hernað í flimtingum lýsir firringu okkar sem vesturlanda þjóð blindaðri af forréttindum okkar, hafandi ekki upplifað slíkar hörmungar á eigin skinni. Það er hvort tveggja ósmekklegt og meiðandi.

Jafnframt tel ég mikilvægt að sveitarfélagið marki sér stefnu um farveg sem mál fari í, óháð því hvaða vægi einstaka fulltrúar gefa því.

Talsverðar umræður urðu málið í sveitarstjórn í framhaldi af bókuninni.

Bókun Oddvita : Vegna bókunar Önnu Sigríðar Valdimarsdóttur telur oddviti rétt að fram komi: Sveitarstjórn, sveitarstjóri og oddviti sveitarstjórnar hafa ekki gefið leyfi fyrir heræfingum í Þjórsárdal. Haft var samband við oddvita fyrir nokkrum vikum og hann látinn vita að hugsanlega yrði hluti heræfinga sem fyrirhugaðar voru hafðar í Þjórsárdal. Ekki voru nein önnur samskipti við yfirvöld Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrr en eftir að oddviti frétti daginn fyrir sveitarstjórnarfund að heræfing stæði fyrir dyrum. Haft var samband við Utanríkisráðuneytið. Þar fengust þær upplýsingar að um gönguæfingu væri að ræða og væri búið að hafa samband við landeigendur. Oddviti kynnti sveitarstjórnarmönnum í lok sveitarstjórnarfundar daginn eftir þessa niðurstöðu.

Þrátt fyrir að umræður um heræfinguna hefðu mátt eiga sér stað áður en hún fór fram er það ekki skylda að taka á dagskrá slíkt málefni.

Vísað er til 10. greinar um stjórn og fundarskóp Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Einar Bjarnason og Matthías Bjarnason tóku undir bókunina.

• Styrkir til félaga og samtaka. Drög að reglum. Framhald frá síðasta fundi. Sveitarstjóri lagði fram drög að reglum og styrkjum til félaga og samtaka. Reglur samþykktar samhljóða.

Heildarfjárhæð styrkveitinga innan árs. Sveitarstjóri lagði fram tillögu um að heildarfjárhæð til styrkveitinga verði kr. 80.000 til loka árs 2018. Rúmast innan fjárhagsáætlunar. Samþykkt

samhljóða.

• Nemendafélagið Mímir. Beiðni um styrk til að halda söngvakeppni. Samþykkt samhljóða að veita styrk til keppninnar að fjárhæð 40.000 kr.

• Staða loðdýrabænda. Lagt var fram minnisblað unnið af Arnari Má Eliassyni og Snorra Má Sigurðssyni hjá Byggðastofnun um stöðu loðdýrabænda. Fram kemur í minnisblaðinu að búgreinin eigi við mikinn vanda að stríða um þessar mundir. Oddviti lagði fram eftirgrenda bókun :

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gerðar verði ráðstafanir til aðstoðar fyrirtækjum sem stunda minkarækt á Íslandi.

Það má telja líklegt að sveiflur verði áfram í greininni hér eftir sem hingað til. Takist að koma á sveiflujöfnunar-sjóði og leggja greininni til fjárupphæð til að leysa úr bráðavanda má telja líklegt að greinin rétti úr kútnum og verði aftur arðbær.

Búið verði svo um hnútana að þegar betur árar greiði greinin til baka það fjármagn sem fer í bráðaaðgerðir. Ingvar, Einar og Matthías tók undir bókunina, Anna Sigríður sat hjá.

• Umsókn frá Rarik um lóð við Suðurbraut. Lögð fram beiðni frá Sigurði Jakobssyni fyrir hönd Rarik um lóð undir spennistöð við Suðurbraut nr. 6. Samþykkt samhljóða og máli vísað til Skipulagsnefndar.

• Strætókort. Framhald frá síðasta fundi. Samþykkt samhljóða að styrkur til framhalds- og háskólanema til kaupa á strætókortum verði kr. 20.000 fyrir hvern einstakling. Skólaárið 2018-2019. Skilyrði fyrir styrkveitingu er staðfesting viðkomandi skóla um námsvist. Sjá nánar í fylgiskjali.

• Anna Sigríður Valdimarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun: Stuðningsyfirlýsing og baráttukefjur til kynsysstra minna í tilefni að Kvænnafríðeginum. Með von um að samfélagsbreytingarnar séu réttu megin við hornið en ekki handan þess eins og svo lengi áður. Aðrir sveitarstjórnarmenn tóku heilshugar undir bókunina.

8

• Fjárhagsáætlun 2018 Viðaukar. Sveitarstjóri lagði fram og kynnti viðauka við fjárhagsáætlun 2018.

• Félagsleg aðstoð. Málaflokkur 02. Lykill 251 sameiginlegir liðir Hækkun á sameiginlegum kostnaður vegna mál-efna fatlaðra um 4.200.þkr. Eftir hækkun 8.534 þkr. Útskýring – Ástæður hækkunar. Hækkunin kemur til vegna hækkandi framlags til Bygðasamlagsins Bergrisans frá því sem ætlað var í upphaflegri fjárhagsáætlun 2018.

• 2.Fræðslumál. Málaflokkur 04. Leikskólinn Leikholt 41101-1010. Hækkun á launum og launatengdum gjöldum í leikskóla um 18.505. þkr. Eftir hækkun 74.757 þkr. Útskýring – Ástæður hækkunar : Í upphaflega fjárhagsáætlun var fyllilega gert ráð fyrir tölu sem nemur heildar fjárhæð eftir hækkun. Vegna mistaka var sett inn röng fjárhæð í bókhaldskerfið. Rekstur leikskólans er því fyllilega innan marka fjárhagsáætlunar.

• Hækkun útgjalda samtals 22.705 þkr mætt með lækkun handbærs fjár. Viðaukar samþykktir samhljóða.

• Fjárhagsáætlun 2019-2022 fyrri umræða. Sveitarstjóri lagið fram og kynnti fjárhagsáætlun árána 2019–2022. Farið var yfir málaflokka og útkomuspá. Auk þess var farið yfir fjárfestinga-áætlun ársins 2019. Talsverðar umræður urðu um áætlunina. Samþykkt samhljóða að vísa fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun til síðari umræðu.

• Ákvörðunum um gjaldskrár, útsvarsprósentur og fasteigangjaldaprósentur frestað.

• Gjáin friðlýsingaráform. Lögð voru fram gögn er varða friðlýsingaráform um gjána. Farið var yfir uppdrátt af því

svæði sem um ræðir. Talsverðar umræður urðu um málið, einkum mörk fyrirhugaðs friðlýsingarsvæðis. Á næstu vikum verður fundur um framgang málsins með sérfræðingum Umhverfisstofnunar og forsætisráðuneytis.

• Persónuverndaryfirlýsing. Framhald af síðasta fundi. Lögð fram persónuverndaryfirlýsing Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Unnin af lögmönnunum hjá Dattaca labs ehf. Persónuverndaryfirlýsing samþykkt samhljóða.

• Fundargerð Ungmennaráðs frá 04.11.18. Í fundargerð kemur fram til laga um að Ungmennaráð standi fyrir ungmennaráðstefnu vorið 2019 með ungmennaráðum í nágrannasveitum. Óskað er eftir framlagi til ungmennaráðsins allt að 300.000 kr á árinu 2019. Samþykkt að vísa beiðninni til vinnu við fjárhagsáætlun 2019.

• Fundargerð NOS frá 30.10.18.

Oddviti lagði fram og kynnti fundargerð aðalfundar frá NOS.

Skýrsla stjórnar var lögð fyrir á þeim fundi, auk yfirlits um starfsemi ársins 2017, ársreiknings 2017, fjárhagsáætlunar ársins 2019 og ráðningu endurskoðanda. Að auki var fjallað um auka sálfræðiþjónustu

og starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa í Uppsveitum og Flóa og námskeið fyrir skólanefndir. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fundargerðina og þar með fjárhagsáætlun 2019.

• Erindi um trjágróður og skógarlundi. Lagt fram erindi frá Bergi Þór Björnsyni varðandi skógarlundi í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á víða þurfi að grisja og bæta ásynd þeirra. Samþykkt að vísa máli til Umhverfisstofndar.

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is

Reiðhöllin Flúðum



Uppsveitadeildin 2019



Skráning í Uppsveitadeildina

1. desember 2018

Sendið skráningar á netfangið:

reidhollin@reidhollin.is

www.reidhollin.is

Uppsveitadeildin 2019 hefst í febrúar á næsta ári.

Undirbúningur er hafinn og eru væntanlegar nokkrar breytingar á keppninni frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Sem fyrr er keppnin haldin fyrir félaga í hestamannafélögunum, Smára, Loga og Trausta, en nú verður heimilt að tefla fram blönduðum liðum.

Bætt verður við keppnisgrein og mun Smali verða tekinn upp að nýju.

Mikilvægt er að félagar skrái sig til leiks fyrir 1. desember næstkomandi.

Keppnisdagar.

1. febrúar - fjórgangur.
22. febrúar - fimmgangur.
15. mars - tölt, skeið.
12. apríl - smali.

Frá Leiknefnd UMFG

Miðvikudagskvöldið 21. nóvember kl. 20.30 í sal skólans verður fyrsti samlestur á leikriti sem sett verður upp í Árnesi í vetur. Um er að ræða leikritið Nanna systir eftir Einar Kárasón og Kjartan Ragnarsson, bráðskemmtilegt, liflegt og fjórugt leikrit sem Örn Árnason mun leikstýra. Við hvetjum alla áhugasama til að mæta og hlökkum til að sjá ykkur!

Leiknefnd



Nónsteinn sem fjölbreytt

atvinnuhúsnaði



Við erum með hugmyndir um að nýta Nónstein sem atvinnuhúsnaði fyrir skrifstofur, vinnustofur og lítil þjónustufyrirtæki. Þetta myndi henta fólki sem er í fjarvinnu og aðilum sem veita sérhæfða þjónustu s.s. sjúkraþjálfun, snyrtingu, ráðgjöf o.þ.h. Þetta er samskonar húsnaði og er víðsvegar

um landið og var m.a. fjallað um í þætti Landans 28. október síðastliðinn. Þetta gæti nýst þeim sem vinna einir heima hjá sér og langar til að sameinast öðrum um eina kaffivél og fá þannig félagskapinn.

Ef þú hefur áhuga, eða veist um einhvern sem myndi vilja nýta sér þetta, þá ætlum við að hittast í Nónsteini laugardaginn 17. nóvember kl. 11 til að skoða húsnaðið og ræða hugmyndir um framkvæmd. Einnig má senda línu á gjalpfelag@gmail.com.

Stjórn Gjálpar,
félags um atvinnuuppyggingu við Bjórsá



HUNDAFANGARI
RAGNAR SIGURJÓNSSON
859-9559





Skemmtileg vinna – hentug sem aukavinna!

Vilt þú gerast liðveitandi?

Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur við einstaklinga með fötlun til að draga úr félagslegri einangrun, m.a. til að geta notið menningar- og félagslífs eftir áhugasviði hvers og eins.

Hugmyndafræðin sem unnið er eftir snýst um viðhorf, virðingu og mannlega reisu sem gerir fólki kleift að njóta lífsgæða sem talin eru eðlileg í samfélaginu og leitað sé allra leiða til þess að fatlað fólk geti upplifað, notið og tekið þátt í fjölmörgum athöfnum sem sanfélagið býður upp á.

Frekari upplýsingar veitir Sigurjón Árnason félagsráðgjafi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings í síma 480-1180, sigurjon@laugaras.is eða María Kristjánsdóttir, maria@hveragerdi.is

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, ábyrgir, jákvæðir og hafa áhuga á að vinna með börnum eða einstaklingum með fötlun. Umsækjendur þurfa einnig að vera reyklausir með bílpróf og hafa aðgang að bíl.

Vilt þú gerast stuðningsforeldri?

Tilgangur með stuðningsfjölskyldu er að draga úr álagi á heimili barna, veita börnum tilbreytingu og stuðning auk þess að gefa þeim kost á auknum félagslegum tengslum.

Stuðningsfjölskylda býður barninu að dvelja á heimili sínu sem og að taka þátt í daglegu heimilislífi hennar. Um er að ræða 1-2 helgar í mánuði þar sem börnin dvelja á heimili stuðningsfjölskyldunnar. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru verktakagreiðslur.

Áhugasamir hafið samband við Sigurjón Árnason í síma 480-1180 eða sendið tölvupóst á sigurjon@laugaras.is einnig er hægt að senda póst á Maríu Kristjánsdóttur á pósthöfn maria@hveragerdi.is

Vörðukórinn og Kirkjukór Fella-og Hólakirkju

Sameiginlegir tónleikar í Félagsheimilinu Árnesi

föstudagskvöldið 23. nóvember kl. 20.30

Stjórnendur:
Eyrún Jónasdóttir og Arnildur Valgarðsdóttir.

Miðaverð 3.000 (frítt fyrir 14 ára og yngri)



 VÖRÐUKÓRINN

Til sölu

Mjög góður Mercedes Benz Atego 1224

Ekin 280 þús - árg. 2001

Staðsettur í Þorlákshöfn

Pallur: L: 6,0m B: 2,48m



Verðhugmynd: Kr. 1.100.000.-

Sjón er sögu ríkari

Uppl. síma 690-1354 / 695-3200



Frá Kvenfélagi Skeiðahrepps

Kvenfélag



Skeiðahrepps

Kvenfélag Skeiðahrepps verður með sinn árlega jólabasar laugardaginn 24.

nóvember kl. 13:00 í Brautarholti.

Þar verður til sölu ýmiskonar handverk og matvæli, ásamt öðrum munum.

Þeir sem vilja vera með sölubása þurfa að hafa samband við Svölu svalaogingvar@gmail.com s. 869-6692 eða Elínu Önnu elinanna7@gmail.com s. 695-6277 (básinn kostar 2000 kr), í síðasta lagi fimmtudaginn 22.nóv.

Hægt verður að kaupa kaffi/kakó og veitingar, freista gæfunnar á tombólu og hlusta á tónlistaratriði.

Vonumst til að sjá sem flesta,

Kveðja framkvæmdarnefndin.

Frá foreldrafélögunum

Föstudaginn 30. nóvember munu foreldrafélögin í Leikholti og Þjórsárskóla halda jólafundur í salnum í Leikholti kl.15:30-17:30.

Þetta er eina fjáröflun Leiksteins foreldrafélags Leikhólts, aðgangur er 500 kr á mann, allir velkomnir! Ath. enginn posi er á staðnum.

Í boði verður ýmislegt skemmtilegt jólafundur fyrir börn og fullorðna ásamt heitu kakó, smákökum og mandarínnum.

Eigum jólalega stund með börnunum okkar og föndrum saman fyrir jólin.

Þeir sem vilja get keypt sér kvöldmat frá Pizzavagninum í leiðinni þar sem hann verður staðsettur í Brautarholti eftir föndrið.

Kveðja frá stjórn foreldrafélaganna.



Haustfundur Kvenfélags Gnúpverja

Haustfundur Kvenfélags Gnúpverja verður í Flísalnum Árnesi þriðjudaginn 20.nóv.nk í kl.20:00.

Englarnir og kortin eru komin, en allur ágóði af þeirri sölu rennur til stofnana innan HSU á svæði SSK, sem er Árnessýsla og Rangárvallasýsla. Katrín í Ásaskóla verður með kynningu á sínu skarti og fleiru.

Kristín Stefáns frá No Name verður með fyrirlestur og sýnir förðun. Hún býður uppá 10% afslátt af vörunum og verður með ýmis góð ráð fyrir konur.

Vonumst til að sjá sem flestar konur, endilega takið með ykkur gesti.

Nýir félagar ávallt velkomnir.

Stjórnin



Jólaort-tækifæriskort 2018

Það styttest í aðventuna. Eins og undanfarin ár verða aðventusamkomur í báðum sveitarfélögunum. Aðventuhátíð í Árnesi verður sunnudaginn 2. desember kl. 15. Að venju verður unga fólkið okkar þar í aðalhlutverki í leik og söng. Þá mun söngsveitin Tvennir tímar syngja nokkur lög. Ræðumaður verður Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, þjóðfræðingur. Kaffiveitingar á eftir.



www.hruni.is
facebook.com/hrunaprestakall

Um kvöldið þann 2. desember kl. 20:30 verður svo aðventukvöld í Hrunakirkju. Þar mun kirkjukórinn syngja og flutt verður jólasaga. Ræðumaður verður Guðmundur Óli Gunnarsson, stjórnandi Karlaðs Hreppanna. Kaffi og piparkökur á eftir í safnaðarheimilinu.

Kveikt verður formlega á ljósum í kirkjugarði við Hrepphóla kirkju kl. 15 laugardaginn 1. desember og að venju verður helgistund samhliða og kaffihressing sömuleiðis. Svipaður háttur verður á í Hrunakirkju en þar verður kveikt formlega á ljósum í kirkjugarði (og veitt aðstoð) kl. 14 laugardaginn 1. desember.

En áður en aðventa gengur í garð verða tvær messur í prestakallinu, sunnudaginn 18. nóvember,

kl. 11 í Stóra-Núpskirkju og kl. 14 í Hrepphóla kirkju.

Sjáumst í kirkjunni!

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur*



Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skafttholti alla daga (Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í almennt sorp. Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Tímur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Raftæki. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hrein). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar.

Umsjónarmaður: Jón F. Sigurðsson GSM: 893-7016

NESLAUG

Sími: 486-6117



Miðvikudaga 17-22
Laugardaga: 13-18



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 18-22

Umsjónarmaður:

Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com